

# Tilboðsmarkaður með greiðslumark



Sverrir Þ. Sverrisson

Nóvember 2010

# • Viðskipti með greiðslumark mjólkur

## Nýjar leikreglur

- Lokað var fyrir bein viðskipti bænda sín í milli með greiðslumark mjólkur í maí 2010.
- Frá 1. desember n.k. fara öll viðskipti með greiðslumark mjólkur fram samkvæmt nýjum reglum um “kvótamarkað”
- Með reglugerð nr. 430/2010 var Matvælastofnun falið að annast framkvæmd tilboðsmarkaðar fyrir greiðslumark mjólkur.

## Hvaða er verið að selja/kaupa ?

- Viðskipti með greiðslumark mjólkur eru kaup eða sala á réttindum sem bundin eru við lögbýli, sem veita rétt til framleiðslutengdra beingreiðslna.
- Á tilboðsmarkaði er eingöngu verið að versla með rétt til beingreiðslna fyrir ónýttan kvóta – ómjólkaða lítra.

# • Tilboð um kaup

## Tilboðseyðublöð aðgengileg

- Á heimasíðu Matvælastofnunar [www.mast.is](http://www.mast.is) má nálgast nauðsynleg eyðublöð sem nota skal við gerð tilboða.
- Frestur til að skila inn tilboðum fyrir tilboðsmarkaðinn þann 1. desember er til 25. nóvember.
- Huga þarf að nokkrum atriðum áður en skilað er inn tilboði um kaup á greiðslumarki.

## Hverju þarf að muna eftir ?

- Áður er kautilboði er skilað þarf að afla þinglýsingarvottorðs frá sýslumanni sem sýnir að tilboðsgjafi sé eigandi þess lögbýlis sem greiðslumarki skráist á verði af kaupum.
- Með kautilboði þarf að fylgja bankaábyrgð frá lánastofnun þar sem lýst er yfir að viðkomandi stofnun annist greiðslu þeirrar upphæðar sem boðin er verði af viðskiptum.
- Sé tilboðsgjafi leiguliði þarf afrit af leigusamningi við eiganda lögbýlis að fylgja tilboði.

# • Tilboð um sölu

## Tilboðseyðublöð aðgengileg

- Á heimasíðu Matvælastofnunar [www.mast.is](http://www.mast.is) má nálgast nauðsynleg eyðublöð sem nota skal við gerð tilboða.
- Frestur til að skila inn tilboðum fyrir tilboðsmarkaðinn þann 1. desember er til 25. nóvember.
- Huga þarf að nokkrum atriðum áður en skilað er inn tilboði um kaup á greiðslumarki.

## Hverju þarf að muna eftir ?

- Áður er sölutilboði er skilað þarf að afla þinglýsingarvottorðs frá sýslumanni sem sýnir veðhafa og skilyrði veða sé um slíkt að ræða..
- Séu eigendur fleiri en einn skal fylgja með sölutilboði yfirlýst samþykki allra eigenda sé greiðslumark ekki sérskráð.
- Með sölutilboði skal fylgja samþykki allra veðhafa.

# • Viðskipti eftir opnun tilboða

## Jafnvægisverð

- Öll viðskipti á kvótamarkaði fara fram á því verði sem uppboðið skilaði. Svokölluðu jafnvægisverði.
- Hverjum sem skilar inn tilboði er í sjálfsvald sett hvaða verð er boðið. Verð skulu sett fram í heilum krónum og magn í heilum lítrum.
- Jafnvægisverð er myndast þegar öll sölutilboð eru sett á framboðslínu eftir hækkandi verði og öll kautilboð á eftirspurnarlínu eftir lækkandi verði
- Þar sem línur eftirspurnar og framboðs skerast liggur jafnvægisverðið

## Jafnvægismagn

- Náist ekki fullt jafnvægi á magni framboðs og eftirspurnar greiðslumarks skiptist greiðslumark sem selt verður hlutfallslega milli kaupenda í samræmi við magn hvers tilboðsgjafa.


# • Dæmi um niðurstöðu kvótamarkaðar

Niðurstaða uppboðs með greiðslumarki mjólkur í desember 1955

Sölutilboð nr.	Söluverð	Sölumagn	Framboð	Eftirspurn	Kaupmagn	Kaupverð	Kauptilboð nr.
1	21 kr.	10.000	10.000	635.000	50.000	21 kr.	18
2	23 kr.	15.000	25.000	585.000	25.000	23 kr.	17
3	25 kr.	10.000	35.000	560.000	15.000	25 kr.	16
4	27 kr.	15.000	50.000	545.000	10.000	27 kr.	15
5	29 kr.	20.000	70.000	535.000	30.000	29 kr.	14
6	30 kr.	50.000	120.000	505.000	25.000	30 kr.	13
7	35 kr.	100.000	220.000	480.000	50.000	35 kr.	12
8	40 kr.	15.000	235.000	430.000	125.000	40 kr.	11
9	45 kr.	50.000	285.000	305.000	50.000	45 kr.	10
10	50 kr.	5.000	290.000	255.000	30.000	50 kr.	9
11	55 kr.	150.000	440.000	225.000	15.000	55 kr.	8
12	60 kr.	10.000	450.000	210.000	70.000	60 kr.	7
13	61 kr.	25.000	475.000	140.000	55.000	61 kr.	6
14	63 kr.	30.000	505.000	85.000	5.000	63 kr.	5
15	65 kr.	10.000	515.000	80.000	35.000	65 kr.	4
16	67 kr.	15.000	530.000	45.000	5.000	67 kr.	3
17	69 kr.	25.000	555.000	40.000	25.000	69 kr.	2
18	71 kr.	50.000	605.000	15.000	15.000	71 kr.	1

# • Dæmi um niðurstöðu kvótamarkaðar

## Niðurstaða uppboðs með greiðslumarki mjólkur í desember 1955



# • Framkvæmd tilboðsmarkaðar

## Móttaka tilboða

- Matvælastofnun berst sölu-/kauptilboð vegna viðskipta með greiðslumark mjólkur. Tilboðsgjafa send skrifleg staðfesting á móttöku tilboðs.
- Tilboð skoðað og gengið úr skugga um að það sé rétt útfyllt og því beri saman við þinglýsingarvottorðið.
- Eftir þörfum er staðfesting á eignarhaldi könnuð í hjá Fasteignamati ríkisins.
- Kannað hvort öll leyfi veðhafa fylgi.
- Farið yfir ábyrgðaryfirlýsingar lánastofnana með kauptilboðum. Borið saman magn á tilboði við greiðslumarksskrá.
- Ef um sölu leiguliða á eigin greiðslumarki er að ræða skal bera tilboð saman við skrá yfir fyrri sölusamninga.
- Sé um aðilaskipti að ræða sem fara fram eftir byrjun beingreiðslutímabils, skal kanna hvort ónotað greiðslumark þ.e.a.s hvort A-hluti beingreiðslna og/eða B-hluti seljanda verði ofgreiddur eftir aðilaskiptin. Sé það tilfellið verður seljanda send krafa um endurgreiðslu.



# • Framkvæmd tilboðsmarkaðar

## Skráning tilboða

- Tilboð skráð í tilboðsskrá
- Tilboð opnuð með birtingu jafnvægisverðs og magns á heimasíðu Matvælastofnunar 1. desember og 1. júní. Upplýsingar verða settar fram í yfirliti ásamt upplýsingum um jafnvægisverð.
- Upplýsingar um seljendur og sölumagn frá hverjum og einum eru sendar til BÍ 5 dögum eftir að uppboð hefur farið fram. BÍ tekur tillit til þess við útgreiðslu á A-hluta beingreiðslna sem greiddar eru 1. janúar.
- Tilboðsgjöfum sem gert hafa tilboð, sem tekið verður er send tilkynning um að tilboði hafi verið tekið og óskað sé eftir nýju veðbókarvottorði. Veðbókarvottorð skal ekki vera eldra en 5 daga gamalt á greiðsludegi.

# • Framkvæmd tilboðsmarkaðar

## Greiðslumiðlun

- Greiðslumiðlun milli seljenda og kaupenda.
  - Fyrsta virka dag næsta mánaðar eftir opnun tilboða skulu kaupendur greiða kaupverðið að fullu inn á uppgefinn bankareikning MAST.
  - Farið verður yfir skilyrt veðleyfi séu þau fyrir hendi.
  - Uppgjör við seljendur fer síðan fram sjö virkum dögum síðar. Beri þann dag upp á laugardag eða sunnudag, fer greiðsla fram næsta mánudag þar á eftir.
- Skráning greiðslumarks í greiðslumarkskrá fer fram 15. febrúar vegna uppboðs 1. desember og 15. ágúst vegna uppboðs 1. júní.
- Greiðsla beingreiðslna skv. nýrri greiðslumarkskrá fer fram 1. mars vegna uppboðs 1. desember og 1. september vegna uppboðs 1. júní.

# Takk fyrir!

---

[www.mast.is](http://www.mast.is)

